# Húsnæðisáætlun 2023

**Sveitarfélagsnúmer:** 7400

**Áætlunarsvæði:** Múlaþing

**Kennitala:** 660220-1350

**Landshluti:** Austurland

**Heimilisfang:** Lyngási 12, 700 Egilsstöðum



# Efnisyfirlit


Mannfjöldaspá ... 3
Forsendur fyrir mannfjöldaspá ... 3
Lýsing á atvinnuástandi ... 5
Íbúðaþörf ... 7
Áætluð íbúðaþörf ... 7
Markmið um hagkvæmar íbúðir ... 10
Markmið sveitarfélagsins varðandi íbúðauppbyggingu ... 11
Búsetuform ... 11
Áætluð þörf eftir búsetuformum ... 12
Samanburður á áætlaðri þörf fyrir búsetuform og getu ... 13
Þjónusta og innviðir ... 14
Samanburður á áætlaðri þörf og getu ... 18
Lóðir og skipulag ... 20
Markmið sveitarfélagsins í lóðamálum ... 20
Íbúðir í byggingu ... 21
Samanburður ... 23
Viðauki – Spurningar úr áætlanakerfi ... 28


## Lykiltölur

| Mannfjöldaspá +5 ár (miðspá) | Mannfjöldaspá +10 ár (miðspá) | Íbúðir í byggingu (september 2021) | Íbúðir í byggingu (september 2022) |
|---|---|---|---|
| **286** ↑5,6% | **562** ↑11,0% | **34** | **62** ↑82,4% |
| Áætluð íbúðaþörf +5 ár (miðspá) | Áætluð íbúðaþörf +10 ár (miðspá) | Fjöldi íbúða á skipulögðum lóðum | Fjöldi íbúða á skipulögðum lóðum |
| **122** ↑5,7% | **237** ↑11,1% | **326** | **346** |

# Mannfjöldaspá

## Forsendur fyrir mannfjöldaspá

Við gerð mannfjöldaspár og lýsinga á atvinnuástandi var litið til íbúaþróunar síðustu ára auk þeirra breytinga sem fyrirséðar eru að verði á atvinnulífi og samgöngum næstu tíu árin.

Í þremur af fjórum kjörnum sveitarfélagsins hefur mannfjöldaþróun verið sú sama síðast liðin fimm ár eða um 1% að meðaltali. Í ljósi þess gerir miðspá ráð fyrir 1% fjölgun íbúa á ári eða 10% fjölgun íbúa út spátímann á Borgarfirði, Egilsstöðum og Fellabæ auk Seyðisfjarðar. Háspá gerir ráð fyrir 1,5% fjölgun í þessum kjörnum og lágspá 0,5% á ári. Þó með þeirri undantekningu að næstu þrjú árin gerir háspá ráð fyrir 2% íbúafjölgun á Egilsstöðum og í Fellabæ. Í fámennum byggðakjörnum þarf þó að hafa í huga að flutningar fárra einstaklinga til og frá svæðinu geta haft umtalsverð áhrif á spána.

Á Egilsstöðum og Fellabæ er gert ráð fyrir að fjölgun íbúa verði drifin áfram af áframhaldandi vexti í þjónustu og verslun, sérfræðiþjónustu, ferðaþjónustu og millilandaflugvöllurinn á Egilsstöðum verði sterk miðstöð ferðaþjónustunnar á Austurlandi með reglulegu millilandaflugi. Ef það markmið næst, leiðir það t.d. til að ferðaþjónustan verði í ríkara mæli heils árs atvinnugrein sem kallar á fleiri fjölbreytt þjónustustörf í sveitarfélaginu öllu. Sú þróun sem orðið hefur á undanförnum árum varðandi störf óháð staðsetningu og aukinni fjarvinnumenningu mun styrkja möguleika til atvinnu í öllum kjörnum og mikilvægt að innviðir slíkrar atvinnustarfsemi verði efldir ekki síst í minni kjörnum líkt og á Borgarfirði.

Seyðfirðingar standa að vissu leyti á krossgötum um þessar mundir þar sem undirbúningi vegna Fjarðarheiðarganga er að ljúka og reiknað með að vinna við þau hefjist á árinu 2023. Vinna við ofanflóðagarða í Bjólfi er hafin og hönnun varnargarða í Botnum í fullum gangi. Samhliða er unnið að því að treysta undirstöður atvinnulífs á Seyðisfirði meðal annars með stækkun á hafnarsvæði sem er í burðarliðnum. Í miðspá og háspá er gert ráð fyrir að hluti vinnuaflsins sem mun vinna við þau verkefni sem framundan eru, setjist að á Seyðisfirði á meðan á verkefnum stendur og athafnafólk á staðnum sjái tækifæri og ráði til sín fólk til fyrirliggjandi verkefna. Háspá byggir til viðbótar miðspá á, að fólk utan byggðarlagsins sjái sér í auknum mæli hag í að flytja búferlum á Seyðisfjörð og byggja afkomu sína á þátttöku í "öðrum" tækifærum t.d. í ferðaþjónustu, verslun, nýsköpun og listalífi auk þess að störfum án staðsetningar muni fjölga talsvert á Seyðisfirði í framtíðinni. Jafnframt er horft til þess að aðgerðir stjórnvalda og sveitarfélagsins verði til þess að treysta enn frekar í sessi nýsköpun, atvinnulíf og byggð þannig að Seyðisfjörður verði sem fyrr góður staður að búa á.

Djúpivogur sker sig frá öðrum þéttbýlisstöðum sveitarfélagsins þar sem meðaltalsfjölgun íbúa á sama tímabili var 3,6%. Má leiða að líkum að fjölgunin tengist uppbyggingu í slátrun og pökkun fiskeldisafurða auk vaxandi umsvifa í ferðaþjónustu. Gangi núverandi áætlanir eftir mun íbúum fjölga áfram og er gert ráð fyrir hraðri fjölgun næstu 3 árin en eftir það leiti hún jafnvægis eins og jafnan gerist eftir umtalsverða atvinnuuppbyggingu. Fyrstu þrjú árin gerir lágspá ráð fyrir 1,5% fjölgun, miðspá 2,5% og háspá 3,5%. Frá og með árinu 2026 er áætlað að fjölgun fylgi þróun annarra kjarna í Múlaþingi með 0,5 % í lágspá, 1% í miðspá og 1,5% í háspá til loka spátíma 2032.

Taflan hér að neðan sýnir spá um þróun mannfjölda í sveitarfélaginu fram til ársins 2032. Fjöldi íbúða er reiknuð stærð og tekur mið af mannfjölda og fjölda íbúa í hverri íbúð.

| Múlaþing heild | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Mannfjöldi | 5.216 | 5.325 | 5.435 | 5.516 | 5.600 | 5.684 | 5.769 | 5.856 | 5.943 | 6.032 |
| | Mannfjöldabreyting % | 2,1 | 2,1 | 2,1 | 1,5 | 1,5 | 1,5 | 1,5 | 1,5 | 1,5 | 1,5 |
| **Háspá** | Fjöldi íbúða | 2.181 | 2.225 | 2.270 | 2.304 | 2.339 | 2.374 | 2.411 | 2.446 | 2.482 | 2.519 |
| | Íbúðafjöldi breyting % | 2,1 | 2,0 | 2,0 | 1,5 | 1,5 | 1,5 | 1,6 | 1,5 | 1,5 | 1,5 |
| | Íbúar í hverri íbúð | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 |
| | Mannfjöldi | 5.169 | 5.229 | 5.290 | 5.343 | 5.396 | 5.450 | 5.505 | 5.560 | 5.615 | 5.672 |
| | Mannfjöldabreyting % | 1,2 | 1,2 | 1,2 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 |
| **Miðspá** | Fjöldi íbúða | 2.161 | 2.186 | 2.210 | 2.232 | 2.256 | 2.278 | 2.301 | 2.323 | 2.347 | 2.371 |
| | Íbúðafjöldi breyting % | 1,2 | 1,2 | 1,1 | 1,0 | 1,1 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 |
| | Íbúar í hverri íbúð | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 |
| | Mannfjöldi | 5.141 | 5.172 | 5.204 | 5.229 | 5.255 | 5.282 | 5.308 | 5.335 | 5.363 | 5.388 |
| | Mannfjöldabreyting % | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 0,5 |
| **Lágspá** | Fjöldi íbúða | 2.149 | 2.162 | 2.175 | 2.186 | 2.197 | 2.207 | 2.218 | 2.229 | 2.241 | 2.253 |
| | Íbúðafjöldi breyting % | 0,9 | 0,6 | 0,6 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 0,5 | 0,5 |
| | Íbúar í hverri íbúð | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 | 2,39 |



## Lýsing á atvinnuástandi

Þegar horft er til Múlaþings í heild sinni, þá hefur stærra og fjölbreyttara sveitarfélag í för með sér meiri grósku í mannlífi og fleiri tækifæri í atvinnulífi sem gerir sveitarfélagið eftirsóknarvert hvað varðar búsetu, fjárfestingar og heimsóknir ferðamanna. Lýsing á atvinnuástandi er unnin af heimastjórnum hvers kjarna ásamt starfsmanni þeirra og byggir fyrst og fremst á staðþekkingu og stefnumörkun sveitarfélagsins í atvinnu uppbyggingu.

**Borgarfjörður eystri:**

Góður gangur er í atvinnu á svæðinu og spila nýjar samgöngubætur þar stórt hlutverk en bundið slitlag er nú alla leið. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir í félagsheimilinu Fjarðarborg þar sem útbúin verður aðstaða fyrir 10-20 störf án staðsetningar auk þess sem fyrirhugaðar eru hafnarframkvæmdir m.a. við fjölgun viðleguplássa. Sem dæmi um nýlega eða nýja starfsemi sem fer vel af stað og skapar störf er vinnsla á harðfiskbitum hjá Sporði, rekstur Búðarinnar, leiga á hjólum og öðrum búnaði til ferðamanna og fjallaleiðsögn, framleiðsla skartgripa hjá Studio Postulínska og framleiðsla á vörum úr æðardúni hjá Íslenskum Dúni. Jafnframt er í bígerð nýtt ferðaþjónustufyrirtæki sem mun bjóða upp á siglingar. Unnið hefur verið af miklum krafti að endurbyggingu gamla Kaupfélagshússins þar sem er nú komin ölstofa og framleiðsla á landa og gini undir merkjum KHB Brugghúss. Við þetta bætist myndarleg viðbót við starfsemi gistihússins Blábjarga í eigu sömu aðila og KHB Brugghús þar sem gistiherbergjum hefur verið fjölgað um 10 og endurbætur gerðar á heilsulind. Þá er hafinn undirbúningur átöppunarverksmiðju fyrir hágæða neysluvatn. Veiðar og vinnsla bolfisks standa föstum fótum. Höfn og hafnaraðstaða er með ágætum. Lundabyggð í Hafnarhólma hefur mikið aðdráttarafl fyrir erlenda ferðamenn, auk einstakrar náttúru Borgarfjarðar sem þekkt er meðal innlendra jafnt sem erlendra ferðamanna. Ekki eru neinar sérstakar blikur á lofti í atvinnumálum á Borgarfirði eystri í augsýn. Heimamenn horfa björtum augum til framtíðar.

**Djúpivogur:**

Gott atvinnuástand er á Djúpavogi og umtalsverð og vaxandi umsvif sem tengjast starfsemi fiskeldisfyrirtækja á Austurlandi. Eldisaukning er í pípunum á Austurlandi sem hefur áhrif á Djúpavogi þar sem fyrirtækin reka laxaslátrun hjá Búlandstindi. Ný kassaverksmiðja í Gleðivík var reist og gangsett á liðnu ári (2022) auk þess sem áætlanir eru um að reisa nýtt slátur- og vinnsluhús fyrir fiskeldsafurðir á Djúpavogi. Vaxandi umfang í fiskeldi mun fljótlega kalla á meiri afleidda þjónustu, þannig að margfeldisáhrif starfseminnar á Djúpavogi eru (og verða) umtalsverð og ná einnig út fyrir byggðakjarnann. Uppbygging tengd ferðaþjónustu hefur verið hinn vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu. Cittaslow hugmyndafræðin ríkir á Djúpavogi og með því er lögð áhersla á staðbundna framleiðslu, að lifa í núinu og njóta lífsins.

**Egilsstaðir og Fellabær:**

Það er styrkur þéttbýlisins við Fljótið að atvinnustarfsemi þar er fjölbreytt. Á síðustu 10 árum hefur flugvöllurinn á Egilsstöðum, þjónusta við virkjun við Kárahnjúka, Fljótsdalsstöð, atvinna í álveri Alcoa á Reyðarfirði ásamt annarri þjónustu og verslunarstarfsemi að miklu leyti komið í veg fyrir sveiflur í atvinnustarfsemi sem hefur gjarnan einkennt sjávarplássin í fjórðungnum. Á sama tíma hefur orðið svipaður samdráttur í hefðbundnum landbúnaði og annars staðar á landinu. Undantekningin eru ,,sveifluárin" sem koma glögglega fram í íbúafjölda áranna 2004 - 2009 og tengjast uppbyggingu við Kárahnjúka, Fljótsdalsstöð og álveri Alcoa á Reyðarfirði. Eftir þann uppbyggingartíma hefur atvinnulíf og íbúafjöldi í sveitarfélaginu aftur leitað jafnvægis og jafnrar fjölgunar íbúa. Uppbygging tengd verslun, þjónustu og ferðaþjónustu hefur verið vaxtarbroddur í atvinnustarfsemi á svæðinu á síðustu árum. Mikilvægt er að Egilsstaðaflugvöllur fái aukið hlutverk sem alþjóðaflugvöllur sem er ein forsenda fyrir vaxandi umsvifum í ferðaþjónustu og að atvinnugreinin styrkist enn frekar í sessi sem heilsársatvinnugrein í Múlaþingi. Greiðar samgöngur í allar áttir, hátt þjónustustig, greiður aðgangur að innviðum og grunnþjónustu, auk fyrirsjáanlegra kjarnabreytinga á staðsetningu starfa

og fjarvinnu, leiðir til þess að Fljótsdalshérað getur fest sig enn frekar í sessi sem mikilvægur búsetuvalkostur t.d. við höfuðborgarsvæðið og aðra stærri þéttbýlisstaði á Íslandi og jafnvel erlendis. Nýtt deiliskipulag í miðbæ Egilsstaða frá árinu 2021 þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á miðstöð verslunar- og þjónustu auk íbúða, gefur væntingar um að þar geti byggst upp sterkur þjónustukjarni fyrir allt Austurland.

**Seyðisfjörður:**

Atvinnulíf á Seyðisfirði stóð frammi fyrir margþættum vanda í kjölfar hamfaranna í desember 2020. Komið var á laggirnar hvatasjóði til að styðja við atvinnuuppbyggingu og hvetja til þróunar. Sjóðnum er ætlað að stuðla að atvinnuuppbyggingu með því að virkja frumkvæði íbúa og annarra sem tengjast byggðarlaginu og koma til móts við þá atvinnurekendur og einstaklinga í atvinnurekstri sem orðið hafa fyrir tjóni. Áhersla er á að styrkja atvinnustarfsemi, á sjálfbærni, bætta nýtingu, notkun staðbundinna hráefna og sýnileika svæðisins. Múlaþing og ríkisvaldið hafa því staðið þétt að baki íbúa og atvinnurekenda á Seyðisfirði við áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs og byggðar.

Fjarðarheiðargöng verða boðin út á þessu ári (2023) og eiga framkvæmdir að hefjast í síðasta lagi á því næsta. Auk þess hefur verið ráðist í umfangsmikið verkefni við gerð ofanflóðagarða og áætlanir eru um stækkun á hafnarsvæði t.d. fyrir fiskvinnslu. Samhliða er unnið að því að treysta aðrar undirstöður atvinnulífs á Seyðisfirði Seyðisfirði m.a. með samvinnu við þau fyrirtæki sem fyrir eru og einnig er horft til fleiri tækifæra. Fyrirtækið Laxar hefur sótt um leyfi til laxeldis í sjókvíum á Seyðisfirði og er það mál í vinnslu. Síldarvinnslan er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki og eitt af hornsteinum öflugs atvinnulífs. Mikil gróska er í ferðaþjónustu og menningarlífi bæjarins. LungA skólinn bætir við nýrri námsbraut 2023 og skapar með því nokkur ný störf og fjölgar nemendum, skólinn er auk þess að skoða það að byggja nýtt húsnæði fyrir skólann ásamt íbúðum fyrir nemendur. Komum skemmtiferðaskipa fjölgar um 40% á milli ára en 116 skip eru bókuð hjá Seyðisfjarðarhöfn á árinu 2023, ferðaþjónustan hefur sömuleiðis eflst og afþreyingarmöguleikum hefur fjölgað, verslunum og veitingastöðum sömu leiðis. Tækniminjasafnið hyggur á mikla uppbyggingu á næstu árum sem er nú þegar hafin. Unnið er að bættu aðgengi að perlunum okkar og má þar nefna Baug Bjólfs sem mun laða að enn fleiri ferðamenn á næstu árum. Stoðir atvinnulífsins hafa því eflst og ekki er annað að heyra en að bjartsýni ríki meðal bæjarbúa.

# Áætluð íbúðaþörf

Óuppfyllt íbúðaþörf er mat sveitarfélagsins á fjölda íbúða sem þörf hefði verið á til viðbótar við byggðar íbúðir síðastliðinna ára til þess að mæta íbúðaþörf mv. þróun mannfjölda. Árleg íbúðaþörf segir til um hversu margar íbúðir þarf að byggja á ári til þess að uppfylla áætlaða íbúðaþörf. Uppsöfnuð þörf segir til um hversu margar íbúðir þurfi að byggja frá árinu 2023 fram að viðkomandi ári til þess að uppfylla áætlaða íbúðaþörf.

| Múlaþing heild | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Háspá | Óuppfyllt íbúðaþörf | 34 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 2.181 | 2.225 | 2.270 | 2.304 | 2.339 | 2.374 | 2.411 | 2.446 | 2.482 | 2.519 |
| | Árleg íbúðaþörf | 79 | 44 | 45 | 34 | 35 | 35 | 37 | 35 | 36 | 37 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 79 | 123 | 168 | 202 | 237 | 272 | 309 | 344 | 380 | 417 |
| Miðspá | Óuppfyllt íbúðaþörf | 34 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 2.161 | 2.186 | 2.210 | 2.232 | 2.256 | 2.278 | 2.301 | 2.323 | 2.347 | 2.371 |
| | Árleg íbúðaþörf | 59 | 25 | 24 | 22 | 24 | 22 | 23 | 22 | 24 | 24 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 59 | 84 | 108 | 130 | 154 | 176 | 199 | 221 | 245 | 269 |
| Lágspá | Óuppfyllt íbúðaþörf | 34 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 2.149 | 2.162 | 2.175 | 2.186 | 2.197 | 2.207 | 2.218 | 2.229 | 2.241 | 2.253 |
| | Árleg íbúðaþörf | 53 | 13 | 13 | 11 | 11 | 10 | 11 | 11 | 12 | 12 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 53 | 66 | 79 | 90 | 101 | 111 | 122 | 133 | 145 | 157 |






| Egilsstaðir og Fellabær | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Óuppfyllt íbúðaþörf | 20 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Háspá** | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 31 | 31 | 31 | 24 | 25 | 25 | 25 | 26 | 25 | 27 |
| | Árleg íbúðaþörf | 51 | 31 | 31 | 24 | 25 | 25 | 25 | 26 | 25 | 27 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 51 | 82 | 113 | 137 | 162 | 187 | 212 | 238 | 263 | 290 |
| | Óuppfyllt íbúðaþörf | 20 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Miðspá** | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 16 | 15 | 15 | 16 | 16 | 16 | 16 | 16 | 17 | 16 |
| | Árleg íbúðaþörf | 36 | 15 | 15 | 16 | 16 | 16 | 16 | 16 | 17 | 16 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 36 | 51 | 66 | 82 | 98 | 114 | 130 | 146 | 163 | 179 |
| | Óuppfyllt íbúðaþörf | 20 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Lágspá** | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 8 | 8 | 7 | 8 | 8 | 7 | 8 | 8 | 8 | 8 |
| | Árleg íbúðaþörf | 28 | 8 | 7 | 8 | 8 | 7 | 8 | 8 | 8 | 8 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 28 | 36 | 43 | 51 | 59 | 66 | 74 | 82 | 90 | 98 |




| Borgarfjörður eystri | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Óuppfyllt íbúðaþörf | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Háspá** | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 2 | 1 | 2 | 1 | 1 | 2 | 2 | 1 | 2 | 1 |
| | Árleg íbúðaþörf | 2 | 1 | 2 | 1 | 1 | 2 | 2 | 1 | 2 | 1 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 11 | 12 | 14 | 15 |
| | Óuppfyllt íbúðaþörf | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Miðspá** | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 |
| | Árleg íbúðaþörf | 3 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 | 11 | 13 |
| | Óuppfyllt íbúðaþörf | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Lágspá** | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | 3 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 3 | 3 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 | 6 | 7 | 7 |



| Djúpivogur | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Óuppfyllt íbúðaþörf | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Háspá** | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 8 | 7 | 7 | 4 | 4 | 3 | 4 | 3 | 4 | 4 |
| | Árleg íbúðaþörf | 14 | 7 | 7 | 4 | 4 | 3 | 4 | 3 | 4 | 4 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 14 | 21 | 28 | 32 | 36 | 39 | 43 | 46 | 50 | 54 |
| | Óuppfyllt íbúðaþörf | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Miðspá** | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 5 | 6 | 5 | 2 | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 2 |
| | Árleg íbúðaþörf | 11 | 6 | 5 | 2 | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 2 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 11 | 17 | 22 | 24 | 27 | 29 | 31 | 33 | 36 | 38 |
| | Óuppfyllt íbúðaþörf | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Lágspá** | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 3 | 3 | 4 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 |
| | Árleg íbúðaþörf | 9 | 3 | 4 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 9 | 12 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 | 21 | 22 | 24 |

**Árleg þörf** **Uppsöfnuð þörf**




| Seyðisfjörður | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Óuppfyllt íbúðaþörf | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Háspá** | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 6 | 5 | 5 | 5 |
| | Árleg íbúðaþörf | 10 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 6 | 5 | 5 | 5 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 10 | 15 | 20 | 25 | 30 | 35 | 41 | 46 | 51 | 56 |
| | Óuppfyllt íbúðaþörf | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Miðspá** | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 4 | 3 | 3 | 4 |
| | Árleg íbúðaþörf | 9 | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 4 | 3 | 3 | 4 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 9 | 12 | 15 | 18 | 22 | 25 | 29 | 32 | 35 | 39 |
| | Óuppfyllt íbúðaþörf | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Lágspá** | Íbúðaþörf skv. mannfjöldasp | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 2 | 1 | 2 | 2 |
| | Árleg íbúðaþörf | 7 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 2 | 1 | 2 | 2 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 7 | 9 | 10 | 12 | 13 | 15 | 17 | 18 | 20 | 22 |

**Árleg þörf** **Uppsöfnuð þörf**



## Markmið um hagkvæmar íbúðir

Taflan hér að neðan sýnir fjölda íbúða samkvæmt markmiðum rammasamnings milli ríkis og sveitarfélaga um íbúðauppbyggingu á árunum 2023-2032.

| Múlaþing heild | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Árleg áætluð íbúðaþörf | 79 | 44 | 45 | 34 | 35 | 35 | 37 | 35 | 36 | 37 |
| **Háspá** | Félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélaga 5% | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 |
| | Hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði 30% | 24 | 13 | 14 | 10 | 11 | 11 | 11 | 11 | 11 | 11 |
| | Árleg áætluð íbúðaþörf | 59 | 25 | 24 | 22 | 24 | 22 | 23 | 22 | 24 | 24 |
| **Miðspá** | Félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélaga 5% | 3 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| | Hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði 30% | 18 | 8 | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 |
| | Árleg áætluð íbúðaþörf | 53 | 13 | 13 | 11 | 11 | 10 | 11 | 11 | 12 | 12 |
| **Lágspá** | Félagslegar íbúðir á vegum sveitarfélaga 5% | 3 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| | Hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði 30% | 16 | 4 | 4 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 4 |




## Markmið sveitarfélagsins varðandi íbúðauppbyggingu

**Borgarfjörður eystri:**

Markmið Múlaþings er að framboð fjölbreyttra búsetukosta sé nægilegt, miðað við þróun og þörf í viðkomandi þéttbýliskjarna hverju sinni. Þróun síðast liðinna ára á Borgarfirði hefur verið sú að byggð hafa verið þó nokkur íbúðarhús og vonast sveitarfélagið til þess að fleiri munu rísa á komandi árum. Sveitarfélagið er virkur þátttakandi á leigumarkaði á Borgarfirði og kemur það til sem mótvægisaðgerð vegna þeirra stöðu sem ríkt hefur í húsnæðismálum þar undanfarin ár þar sem stór hluti húsnæðis á staðnum er nýttur til sumardvalar en ekki heilsárs búsetu.

**Djúpivogur:**

Miðspá um íbúafjölgun á í þéttbýlinu á Djúpavogi gerir ráð fyrir talsverðri fjölgun íbúa. Breytt búsetumynstur og nýir atvinnumöguleikar á svæðinu kalla á reglulega endurskoðun á spá um fjölgun/fækkun íbúa. Allar líkur eru á, að nægilegt framboð byggingahæfra lóða sé fyrir næsta tímabil húsnæðisáætlunarinnar. Flatarmál íbúða taki mið af leiðbeiningum Húsnæðis og mannvirkjastofnunar þegar leiguhúsnæði er byggt með stofnframlögum. Verktakar og þróunaraðilar meta sjálfir hvaða stærðir kunna að seljast á frjálsum markaði. Markmið Múlaþings er að framboð búsetukosta sé nægilegt á Djúpavogi miðað við þróun og þörf hverju sinni.

**Egilsstaðir og Fellabær:**

Miðspá um íbúafjölgun í þéttbýlinu við Fljótið gerir ráð fyrir hóflegri fjölgun íbúa þ.e. að hún verði svipuð því sem hefur verið síðustu 25 ár, rúmt 1% á ári. Breytt búsetumynstur og nýir atvinnumöguleikar á svæðinu kalla á reglulega endurskoðun á spánni. Allar líkur eru á að nægilegt framboð byggingahæfra lóða sé fyrir næsta tímabil húsnæðisáætlunarinnar. Flatarmál íbúða taki mið af leiðbeiningum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar þegar leiguhúsnæði er byggt með stofnframlögum. Verktakar og þróunaraðilar meta sjálfir hvaða stærðir kunna að seljast á frjálsum markaði. Með hliðsjón af líklegri þróun fjölskyldustærða ætti um helmingur nýrra íbúða sem byggðar verða næstu 10 ár, vera litlar og meðalstórar íbúðir. Með tilliti til byggðarmynsturs og algengra óska íbúa um gæði húsnæðis, ætti að gera ráð fyrir að hluti meðalstórra og stærri íbúða verði í par- og raðhúsum. Að öðru leiti er markmið Múlaþings að framboð fjölbreyttra búsetukosta sé nægilegt í þéttbýlinu við Fljótið, miðað við þróun og þörf hverju sinni.

**Seyðisfjörður:**

Miðspá um íbúafjölgun á í þéttbýlinu á Seyðisfirði gerir ráð fyrir hóflegri fjölgun íbúa, svipaða því sem hefur verið síðustu 25 ár, eða 0,3% á ári. Breytt búsetumynstur og nýir eða tapaðir atvinnumöguleikar á svæðinu kalla á reglulega endurskoðun. Allar líkur eru á, að nægilegt framboð byggingahæfra lóða sé fyrir næsta tímabil húsnæðisá-ætlunarinnar. Flatarmál íbúða taki mið af leiðbeiningum Húsnæðis-og mannvirkja-stofnunar þegar leiguhúsnæði er byggt með stofnframlögum. Verktakar og þróunar-aðilar meta sjálfir hvaða stærðir kunna að seljast á frjálsum markaði. Þó skal tekið fram að hvaða aldurshóp muni fjölga hlutfallslega mest í þéttbýlinu á Seyðisfirði á næstu árum, er afar erfitt að spá fyrir um. Markmið Múlaþings er að framboð búsetukosta sé nægilegt í þéttbýlinu á Seyðisfirði, miðað við þróun og þörf hverju sinni.

## Búsetuform

Taflan hér að neðan sýnir fjölda íbúða eftir búsetuformum árið 2022 og fjölda einstaklinga á biðlistum.

| Búsetuform | Núverandi fjöldi | Á biðlista |
|---|---|---|
| Leiguíbúðir fyrir eldri borgara | 48 | 15 |
| Námsmannaíbúðir | 115 | 0 |
| Sértæk búsetuúrræði | 12 | 0 |
| Búseturéttaríbúðir | 0 | 0 |
| Almennar leiguíbúðir fyrir tekju- og eignalága | 11 | 0 |
| Félagslegar íbúðir í eigu sveitarfélags eða húsnæði sem sveitarfélag framleigir til skjólstæðinga félagsþjónustunnar | 26 | 7 |

## Áætluð þörf eftir búsetuformum

Taflan hér að neðan sýnir áætlaða þörf eftir búsetuformum fram til ársins 2032. Umframþörf tekur tillit til til núverandi fjölda rýma sem eru til staðar ásamt samþykktum áformum um fjölgun rýma á tilteknu ári. Einnig tekur hún tillit til þeirrar notkunar sem er á rýmunum árið 2022, biðlistum og þróun á mannfjölda skv. mannfjöldaspá. Neikvæð umframþörf merkir að þörf sé á að fjölga rýmum.
Núverandi þörf fyrir hvert búsetuform er sá fjöldi rýma sem er í notkun árið 2022 að viðbættum fjölda einstaklinga á biðlista.

| | | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leiguíbúðir fyrir eldri borgara | Háspá | Núverandi rými | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | -15 | -16 | -17 | -17 | -18 | -19 | -20 | -20 | -21 | -22 |
| | | Áætluð þörf | 63 | 64 | 65 | 65 | 66 | 67 | 68 | 68 | 69 | 70 |
| | Miðspá | Núverandi rými | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | -15 | -16 | -16 | -17 | -17 | -17 | -18 | -18 | -19 | -20 |
| | | Áætluð þörf | 63 | 64 | 64 | 65 | 65 | 65 | 66 | 66 | 67 | 68 |
| | Lágspá | Núverandi rými | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 | 48 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | -15 | -15 | -15 | -16 | -16 | -16 | -16 | -17 | -17 | -18 |
| | | Áætluð þörf | 63 | 63 | 63 | 64 | 64 | 64 | 64 | 65 | 65 | 66 |
| Námsmannaíbúðir | Háspá | Núverandi rými | 115 | 115 | 125 | 125 | 125 | 125 | 125 | 125 | 125 | 125 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 34 | 32 | 41 | 40 | 39 | 37 | 36 | 35 | 33 | 32 |
| | | Áætluð þörf | 81 | 83 | 84 | 85 | 86 | 88 | 89 | 90 | 92 | 93 |
| | Miðspá | Núverandi rými | 115 | 115 | 125 | 125 | 125 | 125 | 125 | 125 | 125 | 125 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 34 | 33 | 42 | 42 | 41 | 40 | 39 | 38 | 37 | 36 |
| | | Áætluð þörf | 81 | 82 | 83 | 83 | 84 | 85 | 86 | 87 | 88 | 89 |
| | Lágspá | Núverandi rými | 115 | 115 | 125 | 125 | 125 | 125 | 125 | 125 | 125 | 125 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 34 | 34 | 44 | 43 | 43 | 42 | 42 | 42 | 41 | 41 |
| | | Áætluð þörf | 81 | 81 | 81 | 82 | 82 | 83 | 83 | 83 | 84 | 84 |
| Félagslegar íbúðir í eigu sveitarfélags eða íbúðir sem sveitarfélagið framleigir til skjólstæðinga félagsþjónustu | Háspá | Núverandi rými | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | -5 | -6 | -6 | -7 | -7 | -8 | -8 | -9 | -9 | -10 |
| | | Áætluð þörf | 31 | 32 | 32 | 33 | 33 | 34 | 34 | 35 | 35 | 36 |
| | Miðspá | Núverandi rými | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | -5 | -6 | -6 | -6 | -6 | -7 | -7 | -7 | -8 | -8 |
| | | Áætluð þörf | 31 | 32 | 32 | 32 | 32 | 33 | 33 | 33 | 34 | 34 |
| | Lágspá | Núverandi rými | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 | 26 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | -5 | -5 | -5 | -6 | -6 | -6 | -6 | -6 | -6 | -6 |
| | | Áætluð þörf | 31 | 31 | 31 | 32 | 32 | 32 | 32 | 32 | 32 | 32 |
| Búseturéttaríbúðir | Háspá | Núverandi rými | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | Áætluð þörf | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Miðspá | Núverandi rými | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | Áætluð þörf | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Lágspá | Núverandi rými | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | Áætluð þörf | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Almennar leiguíbúðir fyrir tekju- og eignalága | Háspá | Núverandi rými | 11 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 0 | -7 | -7 | -8 | -8 | -8 | -8 | -8 | -8 | -9 |
| | | Áætluð þörf | 11 | 11 | 11 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 13 |
| | Miðspá | Núverandi rými | 11 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 0 | -7 | -7 | -7 | -7 | -8 | -8 | -8 | -8 | -8 |
| | | Áætluð þörf | 11 | 11 | 11 | 11 | 11 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| | Lágspá | Núverandi rými | 11 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 0 | -7 | -7 | -7 | -7 | -7 | -7 | -7 | -7 | -7 |
| | | Áætluð þörf | 11 | 11 | 11 | 11 | 11 | 11 | 11 | 11 | 11 | 11 |
| Sértæk búsetuúrræði | Háspá | Núverandi rými | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 0 | 0 | -1 | -1 | -1 | -1 | -1 | -2 | -2 | -2 |
| | | Áætluð þörf | 12 | 12 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 14 | 14 | 14 |
| | Miðspá | Núverandi rými | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 0 | 0 | 0 | -1 | -1 | -1 | -1 | -1 | -1 | -1 |
| | | Áætluð þörf | 12 | 12 | 12 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 |
| | Lágspá | Núverandi rými | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | -1 | -1 | -1 |
| | | Áætluð þörf | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 13 | 13 | 13 |

## Samanburður á áætlaðri þörf eftir búsetuformum og getu



## Þjónusta og innviðir—Borgarfjörður eystri

Taflan hér að neðan sýnir fjölda einstaklinga sem nota tiltekna þjónustu árið 2022 og fjölda einstaklinga á biðlistum.

**Borgarfjörður eystri**

| Þjónustutegund | Núverandi fjöldi | Á biðlista |
|---|---|---|
| Leikskólar | 1 | 0 |
| Grunnskólar | 4 | 0 |
| Framhaldsskólar | 0 | 0 |
| Hjúkrunarrými | 0 | 1 |






## Þjónusta og innviðir—Djúpivogur

Taflan hér að neðan sýnir fjölda einstaklinga sem nota tiltekna þjónustu árið 2022 og fjölda einstaklinga á biðlistum.

**Djúpivogur**

| Þjónustutegund | Núverandi fjöldi | Á biðlista |
|---|---|---|
| Leikskólar | 26 | 0 |
| Grunnskólar | 81 | 0 |
| Framhaldsskólar | 0 | 0 |
| Hjúkrunarrými | 0 | 0 |






## Þjónusta og innviðir—Egilsstaðir og Fellabær

Taflan hér að neðan sýnir fjölda einstaklinga sem nota tiltekna þjónustu árið 2022 og fjölda einstaklinga á biðlistum.

**Egilsstaðir og Fellabær**

| Þjónustutegund | Núverandi fjöldi | Á biðlista |
|---|---|---|
| Leikskólar | 218 | 0 |
| Grunnskólar | 528 | 0 |
| Framhaldsskólar | 220 | 0 |
| Hjúkrunarrými | 30 | 0 |






## Þjónusta og innviðir—Seyðisfjörður

Taflan hér að neðan sýnir fjölda einstaklinga sem nota tiltekna þjónustu árið 2022 og fjölda einstaklinga á biðlistum.

| | Seyðisfjörður | |
|---|---|---|
| **Þjónustutegund** | **Núverandi fjöldi** | **Á biðlista** |
| Leikskólar | 26 | 0 |
| Grunnskólar | 60 | 0 |
| Framhaldsskólar | 0 | 0 |
| Hjúkrunarrými | 16 | 0 |






## Samanburður á áætlaðri þörf á þjónustu og getu

Taflan hér að neðan sýnir áætlaða þörf eftir þjónustutegund fram til ársins 2032 fyrir sveitarfélagið í heild. Umframþörf tekur tillit til núverandi fjölda einstaklinga sem nota tiltekna þjónustu. Hún tekur einnig tillit til samþykktra áforma um fjölgun á plássum fyrir tiltekna þjónustu á tilteknu ári, getu þjónustu hvert ár, fjölda einstaklinga á biðlista og þróun á mannfjölda skv. mannfjöldaspá. Neikvæð umframþörf merkir að þörf sé á að fjölga plássum.

Núverandi þörf fyrir hverja þjónustu er fjöldi einstaklinga í dag að viðbættum biðlista.

| Múlaþing heild | | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikskólar | Háspá | Núverandi rými | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 31 | 26 | 21 | 17 | 12 | 9 | 3 | 0 | -5 | -10 |
| | | Áætluð þörf | 275 | 280 | 285 | 289 | 294 | 297 | 303 | 306 | 311 | 316 |
| | Miðspá | Núverandi rými | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 32 | 29 | 26 | 23 | 20 | 17 | 14 | 12 | 9 | 5 |
| | | Áætluð þörf | 274 | 277 | 280 | 283 | 286 | 289 | 292 | 294 | 297 | 301 |
| | Lágspá | Núverandi rými | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 | 306 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 34 | 32 | 31 | 29 | 28 | 26 | 24 | 23 | 22 | 21 |
| | | Áætluð þörf | 272 | 274 | 275 | 277 | 278 | 280 | 282 | 283 | 284 | 285 |
| Grunnskólar | Háspá | Núverandi rými | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 110 | 98 | 86 | 76 | 64 | 54 | 43 | 30 | 19 | 7 |
| | | Áætluð þörf | 685 | 697 | 709 | 719 | 731 | 741 | 752 | 765 | 776 | 788 |
| | Miðspá | Núverandi rými | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 114 | 106 | 98 | 92 | 84 | 77 | 70 | 62 | 55 | 48 |
| | | Áætluð þörf | 681 | 689 | 697 | 703 | 711 | 718 | 725 | 733 | 740 | 747 |
| | Lágspá | Núverandi rými | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 | 795 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 118 | 114 | 109 | 106 | 103 | 99 | 96 | 93 | 89 | 85 |
| | | Áætluð þörf | 677 | 681 | 686 | 689 | 692 | 696 | 699 | 702 | 706 | 710 |
| Framhaldsskólar | Háspá | Núverandi rými | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 77 | 73 | 70 | 66 | 63 | 59 | 56 | 52 | 48 | 45 |
| | | Áætluð þörf | 223 | 227 | 230 | 234 | 237 | 241 | 244 | 248 | 252 | 255 |
| | Miðspá | Núverandi rými | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 78 | 75 | 73 | 71 | 69 | 66 | 64 | 62 | 59 | 57 |
| | | Áætluð þörf | 222 | 225 | 227 | 229 | 231 | 234 | 236 | 238 | 241 | 243 |
| | Lágspá | Núverandi rými | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 | 300 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 79 | 78 | 77 | 75 | 74 | 73 | 72 | 71 | 70 | 69 |
| | | Áætluð þörf | 221 | 222 | 223 | 225 | 226 | 227 | 228 | 229 | 230 | 231 |
| Hjúkurnarrými | Háspá | Núverandi rými | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 6 | 5 | 5 | 4 | 4 | 2 | 2 | 1 | 1 | -1 |
| | | Áætluð þörf | 48 | 49 | 49 | 50 | 50 | 52 | 52 | 53 | 53 | 55 |
| | Miðspá | Núverandi rými | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 7 | 6 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 3 | 2 | 2 |
| | | Áætluð þörf | 47 | 48 | 49 | 49 | 50 | 50 | 50 | 51 | 52 | 52 |
| | Lágspá | Núverandi rými | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 | 54 |
| | | Mismunur á þörf og núverandi rými | 7 | 7 | 6 | 6 | 6 | 5 | 5 | 5 | 5 | 4 |
| | | Áætluð þörf | 47 | 47 | 48 | 48 | 48 | 49 | 49 | 49 | 49 | 50 |

**Samanburður á áætlaðri þörf á þjónustu og getu**



# Lóðir og skipulag

## Markmið sveitarfélagsins í lóðamálum

Að tryggja nægjanlegt framboð fjölbreyttra valkosta á hverjum tíma og hverjum stað .

Taflan hér að neðan sýnir áætlanir sveitarfélagsins fyrir skipulag lóða/lóðasvæða og stöðu þeirra í skipulagsferlinu. Einnig má sjá hvort lóð/lóðasvæði sé byggingarhæf, hvenær sveitarfélagið stefnir á að hefja úthlutun á tiltekinni lóð/lóðasvæði og hversu margar íbúðir eru áætlaðar á úthlutuðum lóðum fram til ársins 2032.

| Tegund lóða | Svæði | Lóðasvæði | Staða | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Einbýli | Borgarfjörður eystri | Bakkar | Samþykkt deiliskipulag | 1 | 0 | 0 | 0 | 8 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Borgarfjörður eystri | Jörfi | Deiliskipulag í vinnslu, þróunar- og framtíðarsvæði | 0 | 1 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Borgarfjörður eystri | Bakkar | Byggingarhæf lóð | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Parhús/raðhús/tvíbýli | Borgarfjörður eystri | Jörfi | Byggingarhæf lóð | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **20** |
| Einbýli | Djúpivogur | Borgarland | Samþykkt deiliskipulag | 4 | 0 | 0 | 3 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Djúpivogur | Markarland | Samþykkt deiliskipulag | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Djúpivogur | Borgarland | Deiliskipulag í vinnslu, þróunar- og framtíðarsvæði | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Parhús/raðhús/tvíbýli | Djúpivogur | Borgarland | Samþykkt deiliskipulag | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **14** |
| Parhús/raðhús/tvíbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Votihvammur | Samþykkt deiliskipulag | 0 | 19 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Hvammar | Samþykkt deiliskipulag | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Parhús/raðhús/tvíbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Suðursvæði | Samþykkt deiliskipulag | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Fell | Deiliskipulag í vinnslu, þróunar- og framtíðarsvæði | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Fjölbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Miðbær | Deiliskipulag í vinnslu, þróunar- og framtíðarsvæði | 0 | 18 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Hallormsstaðu | Samþykkt deiliskipulag | 8 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Selbrekka | Samþykkt deiliskipulag | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Suðursvæði | Samþykkt deiliskipulag | 20 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Fjölbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Votihvammur | Samþykkt deiliskipulag | 0 | 48 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Parhús/raðhús/tvíbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Fell | Byggingarhæf lóð | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Fjölbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Miðbær | Samþykkt deiliskipulag | 73 | 0 | 0 | 0 | 44 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 20 | |
| Einbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Eiðar | Byggingarhæf lóð | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Egilsstaðir og Fellabær | Votihvammur | Samþykkt deiliskipulag | 0 | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **271** |
| Einbýli | Seyðisfjörður | Hlíðavegur | Samþykkt deiliskipulag | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Seyðisfjörður | Múlavegur | Samþykkt deiliskipulag | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Seyðisfjörður | Oddagata | Samþykkt deiliskipulag | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Parhús/raðhús/tvíbýli | Seyðisfjörður | Garðarsvöllur | Samþykkt deiliskipulag | 20 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Fjölbýli | Seyðisfjörður | Múlavegur | Samþykkt deiliskipulag | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | |
| Einbýli | Seyðisfjörður | Lónsleira | Samþykkt deiliskipulag | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **41** |
| Samtals | | | | 163 | 97 | 0 | 12 | 54 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 20 | **346** |



# Íbúðir í byggingu

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöður úr talningu HMS á íbúðum í byggingu sem framkvæmd var í september 2022. Framvindan er sett fram sem hlutfall af fullbúnu m.t.t. hefðbundins framkvæmdartíma íbúðarhúsnæðis þar sem gefið er upp ákveðið prósentubil sökum þess að byggingaframkvæmdir, aðstæður og aðferðir eru mismunandi.

| Framvindumat | Einbýlishús | Par-/raðhús | Fjölbýlishús | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 1-21% | 1 | 0 | 0 | 1 |
| 22-34% | 1 | 5 | 9 | 15 |
| 35-45% | 0 | 12 | 10 | 22 |
| 46-78% | 4 | 2 | 0 | 6 |
| 79-95% | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 95-97% | 2 | 13 | 0 | 15 |
| 98-100% | 0 | 3 | 0 | 3 |
| **Samtals** | **8** | **35** | **19** | **62** |



| Borgarfjörður eystri | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Framvindumat | Einbýlishús | Par-/raðhús | Fjölbýlishús | Samtals |
| 1-21% | | | | 0 |
| 22-34% | 1 | | | 1 |
| 35-45% | | | | 0 |
| 46-78% | | | | 0 |
| 79-95% | | | | 0 |
| 95-97% | 2 | 3 | | 5 |
| 98-100% | | | | 0 |
| **Samtals** | **3** | **3** | **0** | **6** |

| Djúpivogur | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Framvindumat | Einbýlishús | Par-/raðhús | Fjölbýlishús | Samtals |
| 1-21% | | | | 0 |
| 22-34% | | 5 | | 5 |
| 35-45% | | | | 0 |
| 46-78% | | | | 0 |
| 79-95% | | | | 0 |
| 95-97% | | | | 0 |
| 98-100% | | | | 0 |
| **Samtals** | **0** | **5** | **0** | **5** |

| Egilsstaðir og fellabær | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Framvindumat | Einbýlishús | Par-/raðhús | Fjölbýlishús | Samtals |
| 1-21% | 1 | | | 1 |
| 22-34% | | | 9 | 9 |
| 35-45% | | | 10 | 10 |
| 46-78% | 4 | 2 | | 6 |
| 79-95% | | | | 0 |
| 95-97% | | 10 | | 10 |
| 98-100% | | 3 | | 3 |
| **Samtals** | **5** | **15** | **19** | **39** |

| Seyðisfjörður | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Framvindumat | Einbýlishús | Par-/raðhús | Fjölbýlishús | Samtals |
| 1-21% | | | | 0 |
| 22-34% | | | | 0 |
| 35-45% | | 12 | | 12 |
| 46-78% | | | | 0 |
| 79-95% | | | | 0 |
| 95-97% | | | | 0 |
| 98-100% | | | | 0 |
| **Samtals** | **0** | **12** | **0** | **12** |

# Samanburður

Taflan hér að neðan sýnir hvernig vænt framboð íbúða og vænt framboð íbúða samkvæmt lóðaskipulagi mætir áætlaðri íbúðaþörf samkvæmt mannfjöldaspá.

| Múlaþing heild | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Háspá | Áætluð íbúðaþörf | 79 | 44 | 45 | 34 | 35 | 35 | 37 | 35 | 36 | 37 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 16 | 28 | | | | | | | | |
| | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 0 | 163 | 97 | 0 | 12 | 54 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | 63 | -147 | -52 | 34 | 23 | -19 | 37 | 35 | 36 | 37 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 63 | -84 | -136 | -102 | -79 | -98 | -61 | -26 | 10 | 47 |
| Miðspá | Áætluð íbúðaþörf | 27 | 25 | 24 | 22 | 24 | 22 | 23 | 22 | 24 | 24 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 16 | 28 | | | | | | | | |
| | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 0 | 163 | 97 | 0 | 12 | 54 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | 11 | -166 | -73 | 22 | 12 | -32 | 23 | 22 | 24 | 24 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 11 | -155 | -228 | -206 | -194 | -226 | -203 | -181 | -157 | -133 |
| Lágspá | Áætluð íbúðaþörf | 21 | 13 | 13 | 11 | 11 | 10 | 11 | 11 | 12 | 12 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 16 | 28 | | | | | | | | |
| | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 0 | 163 | 97 | 0 | 12 | 54 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | 5 | -178 | -84 | 11 | -1 | -44 | 11 | 11 | 12 | 12 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 5 | -173 | -257 | -246 | -247 | -291 | -280 | -269 | -257 | -245 |



| Borgarfjörður eystri | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Háspá** | Áætluð íbúðaþörf | 2 | 1 | 2 | 1 | 1 | 2 | 2 | 1 | 2 | 1 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | | 1 | | | | | | | | |
| | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | | 3 | 5 | 5 | 7 | 7 | 8 | 10 | 11 | 13 |
| | Árleg íbúðaþörf | 2 | -3 | -3 | -4 | -6 | -5 | -6 | -9 | -9 | -12 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 2 | -1 | -4 | -8 | -14 | -19 | -25 | -34 | -43 | -55 |
| **Miðspá** | Áætluð íbúðaþörf | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | | 1 | | | | | | | | |
| | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | | 3 | 5 | 5 | 7 | 7 | 8 | 10 | 11 | 13 |
| | Árleg íbúðaþörf | 1 | -3 | -4 | -4 | -6 | -6 | -7 | -9 | -10 | -11 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 1 | -2 | -6 | -10 | -16 | -22 | -29 | -38 | -48 | -59 |
| **Lágspá** | Áætluð íbúðaþörf | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | | 1 | | | | | | | | |
| | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | | 3 | 5 | 5 | 7 | 7 | 8 | 10 | 11 | 13 |
| | Árleg íbúðaþörf | 1 | -3 | -4 | -5 | -6 | -7 | -8 | -9 | -10 | -13 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 1 | -2 | -6 | -11 | -17 | -24 | -32 | -41 | -51 | -64 |



| Djúpivogur | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Háspá | Áætluð íbúðaþörf | 8 | 7 | 7 | 4 | 4 | 3 | 4 | 3 | 4 | 4 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | | 5 | | | | | | | | |
| | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 0 | 5 | 2 | 0 | 5 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | 8 | -3 | 5 | 4 | -1 | 1 | 4 | 3 | 4 | 4 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 8 | 5 | 10 | 14 | 13 | 14 | 18 | 21 | 25 | 29 |
| Miðspá | Áætluð íbúðaþörf | 5 | 6 | 5 | 2 | 3 | 2 | 2 | 2 | 3 | 2 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | | 5 | | | | | | | | |
| | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 0 | 5 | 2 | 0 | 5 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | 5 | -4 | 3 | 2 | -2 | 0 | 2 | 2 | 3 | 2 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 5 | 1 | 4 | 6 | 4 | 4 | 6 | 8 | 11 | 13 |
| Lágspá | Áætluð íbúðaþörf | 3 | 3 | 4 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | | 5 | | | | | | | | |
| | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 0 | 5 | 2 | 0 | 5 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | 3 | -7 | 2 | 1 | -4 | -1 | 1 | 1 | 1 | 2 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 3 | -4 | -2 | -1 | -5 | -6 | -5 | -4 | -3 | -1 |



| Egilsstaðir og Fellabær | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Háspá** | Áætluð íbúðaþörf | 31 | 31 | 31 | 24 | 25 | 25 | 25 | 26 | 25 | 27 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 20 | 6 | | | | | | | | |
| | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 0 | 113 | 94 | 0 | 0 | 44 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | 11 | -88 | -63 | 24 | 25 | -19 | 25 | 26 | 25 | 27 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 11 | -77 | -140 | -116 | -91 | -110 | -85 | -59 | -34 | -7 |
| **Miðspá** | Áætluð íbúðaþörf | 16 | 15 | 15 | 16 | 16 | 16 | 16 | 16 | 17 | 16 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 20 | 6 | | | | | | | | |
| | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 0 | 113 | 94 | 0 | 0 | 44 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | -4 | -104 | -79 | 16 | 16 | -28 | 16 | 16 | 17 | 16 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | -4 | -108 | -187 | -171 | -155 | -183 | -167 | -151 | -134 | -118 |
| **Lágspá** | Áætluð íbúðaþörf | 8 | 8 | 7 | 8 | 8 | 7 | 8 | 8 | 8 | 8 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 20 | 6 | | | | | | | | |
| | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 0 | 113 | 94 | 0 | 0 | 44 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | -12 | -111 | -87 | 8 | 8 | -37 | 8 | 8 | 8 | 8 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | -12 | -123 | -210 | -202 | -194 | -231 | -223 | -215 | -207 | -199 |



| Seyðisfjörður | | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | 2030 | 2031 | 2032 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Áætluð íbúðaþörf | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 | 6 | 5 | 5 | 5 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | | 12 | | | | | | | | |
| **Háspá** | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 0 | 41 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | 4 | -48 | 5 | 5 | 5 | 5 | 6 | 5 | 5 | 5 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 4 | -44 | -39 | -34 | -29 | -24 | -18 | -13 | -8 | -3 |
| | Áætluð íbúðaþörf | 3 | 3 | 3 | 3 | 4 | 3 | 4 | 3 | 3 | 4 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | | 12 | | | | | | | | |
| **Miðspá** | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 0 | 41 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | 3 | -50 | 3 | 3 | 4 | 3 | 4 | 3 | 3 | 4 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 3 | -47 | -44 | -41 | -37 | -34 | -30 | -27 | -24 | -20 |
| | Áætluð íbúðaþörf | 1 | 2 | 1 | 2 | 1 | 2 | 2 | 1 | 2 | 2 |
| | Vænt framboð íbúða m.v. framvindu íbúða í byggingu (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | | 12 | | | | | | | | |
| **Lágspá** | Vænt framboð íbúða skv. lóðaskipulagi (m.v. 24 mánaða framleiðslutíma íbúða) | 0 | 41 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Árleg íbúðaþörf | 1 | -51 | 1 | 2 | 1 | 2 | 2 | 1 | 2 | 2 |
| | Uppsöfnuð íbúðaþörf | 1 | -50 | -49 | -47 | -46 | -44 | -42 | -41 | -39 | -37 |



# Viðauki—Borgarfjörður eystri

## Spurningar úr áætlanakerfi

**Fjöldi íbúða í eigu sveitarfélags.**

13

**Er eftirspurn eftir lóðum?**

Já

**Ef svarið við fyrri spurningu er Já, þá hvers konar íbúðartegund er mest eftirspurn eftir?**

Einbýli

**Hvers konar íbúðategund er minnst eftirspurn eftir?**

Fjölbýli

**Annar sveitarfélagið eftirspurn eftir lóðum?**

Já

# Viðauki—Djúpivogur

## Spurningar úr áætlanakerfi

**Fjöldi íbúða í eigu sveitarfélags.**

1

**Er eftirspurn eftir lóðum?**

Nei

**Ef svarið við fyrri spurningu er Já, þá hvers konar íbúðartegund er mest eftirspurn eftir?**

Parhús/raðhús/tvíbýli

**Hvers konar íbúðategund er minnst eftirspurn eftir?**

Fjölbýli

**Annar sveitarfélagið eftirspurn eftir lóðum?**

Já

# Viðauki—Egilsstaðir og Fellabær

## Spurningar úr áætlanakerfi

**Fjöldi íbúða í eigu sveitarfélags.**

74

**Er eftirspurn eftir lóðum?**

Já

**Ef svarið við fyrri spurningu er Já, þá hvers konar íbúðartegund er mest eftirspurn eftir?**

Parhús/raðhús/tvíbýli

**Hvers konar íbúðategund er minnst eftirspurn eftir?**

Einbýli

**Annar sveitarfélagið eftirspurn eftir lóðum?**

Já

# Viðauki—Seyðisfjörður

## Spurningar úr áætlanakerfi

**Fjöldi íbúða í eigu sveitarfélags.**

19

**Er eftirspurn eftir lóðum?**

Já

**Ef svarið við fyrri spurningu er Já, þá hvers konar íbúðartegund er mest eftirspurn eftir?**

Einbýli

**Hvers konar íbúðategund er minnst eftirspurn eftir?**

Fjölbýli

**Annar sveitarfélagið eftirspurn eftir lóðum?**

Já